

233. fundur

Endurrit fundargerðar hreppsnefndar Reykhólahrepps 10. febrúar 2005

Fundurinn hófst kl. 15:00. Mættir eftirtaldir: Gústaf Jökull Ólafsson oddviti, Egill Sigurgeirsson varaoddviti, Björk Bárðardóttir og Þórður Jónsson. Guðmundur Ólafsson hafði boðað seinkun. Sveitarstjóri Einar Örn Thorlacius sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti las upp boðaða dagskrá. Einnig lagði hann fram fjögur mál sem sveitarstjóri hafði óskað eftir að tekin yrðu fyrir undir liðnum önnur mál. Samþykkt að taka þau á dagskrá.

Var nú gengið til dagskrár. Þetta gerðist:

Fundargerðir

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerðir 231. og 232. fundar hreppsnefndar. Engar athugasemdir voru gerðar.
- 2) Samráðsfundur 27. janúar með umráðendum lands á Reykhólum, fundargerð. Fram kom í fundargerðinni að landi tilraunastöðvarinnar á Reykhólum sem Reykhólahreppur á virðist enginn beitarréttur fylgja og er þá átt við á Reykhólajörðinni sjálfri. Aftur á móti fylgir beitarréttur í landi Hjalla.
- 3) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 31. janúar 2005. Samþykkt.

Mál til afgreiðslu

- 1) Umsögn landbúnaðarráðuneytis vegna Höllustaða. Málinu frestað þangað til síðar á fundinum.
- 2) Erindi frá Geir Gestssyni lögfræðingi vegna Barmahlíðar. Lögmaður hreppsins er að vinna í þessu máli og þarf stjórn Barmahlíðar, hjúkrunarforstjóri og sveitarstjóri að afhenda honum öll gögn sem máli skipta.

Guðmundur Ólafsson kom inn á fundinn kl. 15:45

- 3) Sæluhús á Þorskafjarðarheiði, erindi frá Vegagerðinni á Ísafirði. Í ljósi þess að umferð um Þorskafjarðarheiði hefur aukist mikið undanfarin ár, telur hreppsnefnd Reykhólahrepps nauðsynlegt að gott sæluhús með fjarskiptabúnaði sé fyrir hendi uppi á heiðinni. Þarf þá eigandi hússins, þ.e. Vegagerðin, annað hvort að gera upp núverandi hús eða setja upp sambærilegt hús og er á Klettshálsi.
- 4) Fyrirhuguð landskipti jarðarinnar Seljaness í Reykhólahreppi (afgreiðslu var frestað á síðasta fundi hreppsnefndar). Hreppsnefnd er hlynnt fyrirhuguðum landskiptum. Byggingarfulltrúa falið að árita uppdrátt þann sem fylgdi erindinu.

Lagt fram til kynningar

- 1) 55. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð. Sveitarstjóri lagði enn fremur fram bréf frá Breiðafjarðarnefnd dagsett 30. janúar 2005 þar sem fram kemur að nefndin tekur vel í hugmyndir Reykhólahrepps um að samhliða örnefnaskráningu á jörðum á verndarsvæði Breiðafjarðar verði unnar örnefnaskráningar á þeim jörðum í hreppnum sem liggja ekki að sjó og tilheyra því ekki verndarsvæðinu.
- 2) Afrit af bréfi Vegagerðarinnar á Ísafirði til sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps vegna gerðar matsskýrslu um endurbætur á Vestfjarðavegi nr. 60 í Gufudalssveit.
- 3) Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða, kynningarbréf. Hreppsnefnd þakkar Náttúrustofunni erindið og mun hugsanlega hafa samband síðar þegar þörf er á starfskröftum fornleifafræðinga.
- 4) Breytingar á starfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga, kynningarbréf.
- 5) Drög að samningi við Landmótun s/f um gerð aðalskipulags fyrir Reykhólahrepp. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd Reykhólahrepps.

Nú var ákveðið að taka fyrir umsögn landbúnaðarráðuneytis vegna Höllustaða sem frestað var fyrr á fundinum. Egill óskaði eftir að yfirgefa fundinn á meðan þetta mál væri afgreitt, en lýsti því yfir að hann væri áfram sömu skoðunar og áður í þessu máli. Samþykkt að Egill yfirgæfi fundinn. Einar T. Kristinsson tók nú sæti Egils á fundinum.

Oddviti lagði til að Reykhólahreppur hlutaðist ekki til um kaup á umræddri landspildu úr Reykhólajörðinni til endursölu til eiganda Höllustaða. Samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum, Guðmundur Ólafsson sat hjá.

Einar yfirgaf nú fundinn.

Einar T. Kristinsson (sign)

Egill kom nú aftur inn á fundinn.

Önnur mál

- a) Ákvörðun um þóknun til skoðunarmanna Reykhólahrepps. Samþykkt að skoðunarmenn njóti sömu kjara og hreppsnefndarmenn.
- b) Kosning fulltrúa í væntanlegan vinnuhóp Orkuveitu Reykjavíkur, Þörungaverksmiðju og Reykhólahrepps um risarækjueldi á Reykhólum. Samþykkt að kjósa sveitarstjóra og varaoddvita sem fulltrúa sveitarfélagsins í vinnuhópinn.
- c) Yfirlýsing samgönguráðherra á Patreksfirði 8. febrúar um leiðaval nýs vegar í Reykhólahreppi. Hreppsnefnd Reykhólahrepps fagnar þeirri ákvörðun samgönguráðherra að leið B verði fyrir valinu sem framtíðarvegstæði Vestfjarðavegar í Reykhólahreppi. Sömuleiðis er mjög ánægjulegt að fyrsti áfangi vegarins um Svínadal í Dalasýslu verði boðinn út á þessu ári.
- d) Nafn á væntanlegan veg um Arnkötludal í Hólmavíkurbreppi og Gautsdal í Reykhólahreppi, erindi frá Leið ehf. Lagt fram til kynningar. Verður afgreitt á næsta fundi.
- e) Stæði fyrir varðeld á Reykhólum, erindi frá Guðmundi Ólafssyni. Guðmundur benti á að stórir hópar sem héldu ættarmót á Reykhólum óskuðu sumir eftir að vera með varðeld. Finna þyrfti góðan stað fyrir slíkt. Vísað til umhverfis- og náttúruverndarnefndar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:35

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson(sign)

Björk Bárðardóttir(sign)

Guðmundur Ólafsson(sign)

Þórður Jónsson(sign)

Einar Örn Thorlacius(sign)